

Reykjavík, 8. nóvember 2021

Umhverfisstofnun
ust@ust.is
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Efni: Athugasemdir Arnarlax ehf. við tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. fyrir sjókvíaeldi á laxi í Arnarfirði - UST202003-450

Vísað er til auglýsingar Umhverfisstofnunar, þann 11. október 2021, þar sem kynnt var tillaga Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. fyrir sjókvíaeldi á frjóum laxi í Arnarfirði.

Fram kemur í auglýsingunni að athugasemdir við tillöguna skuli vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun á ust@ust.is og að frestur til að skila inn athugasemdum væri til 9. nóvember nk.

Arnarlax gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda tillögu Umhverfisstofnunar.

A. Skipulagsstofnun byggir álit sitt á matsskýrslu frá 2018.

Samkvæmt greinargerð Arctic Sea farm, dags. 29. apríl 2019, vegna umsóknar um starfsleyfi og birt er með tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi, kemur fram að umsókn um starfsleyfi byggir á matsskýrslu frá mars 2019. Um er að ræða skýrslu sem er dagsett 23. júlí 2018 en uppfærð tvívegis þann 10. febrúar 2019 og loks þann 15. mars 2019. Þannig byggir Umhverfisstofnun tillögu sína um starfsleyfi, á uppfærðri matsskýrslu frá 15. mars 2019.

Í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 13. júlí 2020, er hins vegar vísað til matsskýrslu sem framkvæmdaraðili lagði fram 24. júlí 2018 og Skipulagsstofnun staðfesti móttöku á þann 25. júlí 2018. Þannig leggur Skipulagsstofnun til grundvallar álitinu sínu, matsskýrslu dags. 23. júlí 2018. Í álitinu er þess ekki getið að skýrslan sem lögð var fram 24. júlí 2018 hafi verið uppfærð efnislega tvívegis á árinu 2019. Álit Skipulagsstofnunar eins og það er birt byggir þannig á óuppfærðri matsskýrslu samkvæmt orðanna hljóðan. Það hlýtur að teljast lágmarkskrafa að fram komi í álit Skipulagsstofnunar í hverju breytingarnar frá 10. febrúar 2019 og loks 15. mars 2019 eru fólgnar ef stofnunin teldi sig byggja álit sitt á uppfærðri matsskýrslu.

Ljóst er samkvæmt framansögðu að fyrir liggja tvær nýrri utgáfur af matsskýrslunni sem Skipulagsstofnun byggir á og vísar til í álitinu sínu. Ekki liggur fyrir með skýrum hætti í hverju framangreindar uppfærslur á drögum matsskýrslunar eru fólgnar. Af uppfærðri skýrslu frá 23. júlí 2018 má þó ráða að skýrslunni hafi a.m.k. verið breytt vegna úrskurðar ÚUA frá því í september 2018 án þess að þessara breytinga sé getið frekar. Auk þess virðist ljóst að vöktunaráætlun hafi verið bætt við skýrsluna en áætlunin er dagsett í febrúar 2019. Svo virðist einnig sem vísað sé til heimilda frá 2019 í skýrslunni.



Í álit Skipulagsstofnunar kemur jafnframt fram að þann 3. maí 2018 hafi framkvæmdaraðili haldið kynningarfund á Tálknafirði um framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar. Í uppfærðri matsskýrslu segir hins vegar að áform félagsins hafi verið kynnt opinberlega á íbúafundum á Patreks- og Tálknafirði, þann 28. maí 2018 á Patreksfirði, 22. nóvember 2018 á Tálknafirði, og 12. febrúar 2019 á Tálknafirði. Hér er um efnislegt misræmi að ræða milli álits Skipulagsstofnunar og uppfærðrar matsskýrslu um það hvenær kynning frummatsskýrslu átti sér stað. Þannig virðist dagsetning á kynningu á Patreksfirði vera röng og uppfærð matsskýrsla frá 23. júlí 2018, verið kynnt tvívegis að nýju á íbúafundum á Tálknafirði án þess sé getið í álit Skipulagsstofnunar. Ljós er samkvæmt framangreindu misræmi um kynningu skýrslunnar að álit Skipulagsstofnunar er ekki byggt á uppfærðri matsskýrslu frá 2019 eins og leyfisgjafi gerir.

Eftirtektarvert er að framkvæmdaraðili telji skýrsluna frá 23. júlí 2018 vera endanlega matsskýrslu sbr. kafla 7.3 í skýrslunni, enda þótt hann standi að kynningu á uppfærðri útgáfu af henni eftir 23. júlí 2018. Arnarlax telur matsskýrsluna frá 23. júlí 2018 ekki vera endanlega matsskýrslu enda skýrslan uppfærð og við hana bætt upplýsingum sem geta haft áhrif á ákvörðum Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar þegar þessar stofnanir meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar þ.e. annars vegar Skipulagsstofnun í álit sínu og hins vegar Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfis.

Arnarlax telur í fyrsta lagi engan vafa leika á því að Skipulagsstofnun beri að gefa álit sitt á endanlegri matsskýrslu framkvæmdaraðila. Lögbundið álit Skipulagsstofnunar um það hvort umhverfisáhrifum framkvæmdar hafi verið rétt lýst í matsskýrslu getur ekki byggst á matsskýrslu sem þarfnast lagfæringar eða uppfærslu eins og reyndin er í þessu máli. Gengur það í berhögg við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sem gilda um málsmeðferðina. Um þetta má visa til ákvæða 1. mgr. 11. gr. laga nr. 106/2000 og athugasemdir við frumvarp til breytinga á lögum nr. 106/2000 sem varð að lögum nr. 75/2005 en þar segir um ákvæðið er varð að 11. gr. laganna:

*„Því er lagt til að í stað þess að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar gefi stofnunin álit sitt á **endanlegri matsskýrslu framkvæmdaraðila**.“ (Áherslubreyting Arnarlax).*

Á sama hátt kemur fram í álit meirihluta umhverfisnefndar við frumvarpið að álit Skipulagsstofnunar skuli byggt á endanlegri matsskýrslu framkvæmdaraðila:

*„Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru [...] Þriðja lagi að álit Skipulagsstofnunar við **endanlega matsskýrslu framkvæmdaraðila** verði umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu.“ (Áherslubreyting Arnarlax).*

Ljóst er að álit Skipulagsstofnunar þurfi að byggja á matsskýrslu þar sem umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er rétt lýst. Með framangreindri stjórnýslyu braut Skipulagsstofnun gegn þágildandi lögum nr. 106/2000 með útgáfu álits um framkvæmd sem byggð er á ófullgerðri matsskýrslu.

Í öðru lagi telur Arnarlax að sú staðreynd að Umhverfisstofnun, sem er leyfisgjafi, og Skipulagsstofnuna, sem er eftirlitsaðili með málsmeðferð umhverfismatsins, tilgreini mismunandi matsskýrslur í útgefnum gögnum geti ekki talist lögformlegur grundvöllur undir leyfisveitingu Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur ekki gefið út starfsleyfi á grundvelli uppfærðrar matsskýrslu, dags. 15. mars 2019 þegar slík leyfisveiting byggir á álit Skipulagsstofnunar, sem grundvallast á ófullgerðri matsskýrslu frá 23. júlí 2018 eins og tilgreint er með skýrum hætti í álit Skipulagsstofnunar. Slík málsmeðferð er skýrt brot á lögum nr. 106/2000 enda ljóst að eina og sama matsskýrslan skuli liggja til grundvallar álit Skipulagsstofnunar um framkvæmdina og leyfisveitingu Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum. Sú staðreynd að Skipulagsstofnun nefni í engu þær tvær uppfærslur og breytingar sem gerðar voru á



matsskýrslunni sem stofnunin miðar álit sitt við leiðir til þess að ekki sé hægt að byggja á umræddu álit Skipulagsstofnunar. Slík leyfisveiting Umhverfisstofnunar verður að teljast ólögmat, ógild og að engu hafandi.

Í þriðja lagi veker Arnarlax athygli á því að samkvæmt 11. gr. laga nr. 106/2000 skuli Skipulagsstofnun gefa rökstutt álit sitt á því hvort matsskýrsla uppfylli lögbundin skilyrði og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt innan fjögurra vikna frá því að stofnunin tekur á móti matsskýrslunni frá framkvæmdaraðila. Að sögn Skipulagsstofnunar staðfesti stofnunin móttöku matsskýrslu Arctic Sea Farm þann 25. júlí 2018 en gaf út álit sitt á matsskýrslunni 13. júlí 2020 eða tæpum tveimur árum síðar. Skipulagsstofnun hefur þannig virt að vettugi hinn lögbundna afdráttarlausa frest stofnunarinnar til álitsgjafar.

Í ljósi framangreindra athugasemda Arnarlax, telur fyrirtækið að Umhverfisstofnun sem leyfisgjafi, geti ekki byggt útgáfu starfsleyfis til handa Arctic Sea Farm á útgefnu álit Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2020 enda slík leyfisveiting ekki í samræmi við lög.

B. Leyfilegur hámarkslífmassi Arnarlax í Arnarfirði er 13.000 tonn

Fram kemur bæði í uppfærðri matsskýrslu dags. 15. mars 2019 og álit Skipulagsstofnunar, dags. 13 júlí 2020 að auk fyrirhugaðs laxeldis Arctic Sea Farm í Arnarfirði hafi fyrirtækin Arnarlax og Fjarðalax nú þegar heimild til framleiðslu á 11.500 tonnum af laxi í Arnarfirði.

Arnarlax andmælir framangreindum fullyrðingum um leyfilegan hámarkslífmassa Arnarlax í Arnarfirði. Hér er um rangfærslu að ræða þar sem Arnarlax hefur heimild til framleiðslu á 13.000 tonna hámarkslífmassa eldisfisks í Arnarfirði á hverjum tíma. Þannig eru í gildi rekstrar- og starfsleyfi Arnarlax í Fossfirði sem heimilar 3.000 tonna hámarkslífmassa vegna 1.500 tonna ársframleiðslu (4.500 tonna hámarksframleiðslu á hverjum þremur árum) og rekstrar- og starfsleyfi í Arnarfirði sem heimilar 10.000 tonna hámarkslífmassa eldisfisks.

Samkvæmt framansögðu er leyfilegur hámarkslífmassi Arnarlax í Arnarfirði á hverjum tíma vantalin í umhverfismati Arctic Sea Farm í Arnarfirði um 1.500 tonn. Slíkt vanmat á eldismagni hlítur að fela í sér vanmat á umhverfisáhrifum eldisstarfseminar í firðinum og ekki lokum fyrir það skotið að niðurstaða umhverfismats og mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila hefðu orðið með öðrum hætti ef miðað hefði verið við heimilaðan hámarkslífmassa upp á 13.000 tonn en ekki 11.500 tonn. Leyfilegur hámarkslífmassi á hafssvæði er grundvallaratriði í umhverfismati á fiskeldisframkvæmd og því hefur framangreind rangfærsla áhrif víðsvegar í álit Skipulagsstofnunar og í matskýrslu.

Í ljósi framangreinds hlítur það að teljast verulegur annmarki á umhverfismati þegar samlegðaráhrif við annað eldi eru vantalin um 1.500 tonn. Þetta á sérstaklega við þar sem Skipulagsstofnun telur í álit sínu að framleiðsluaukningin komi til með að hafa neikvæð samlegðaráhrif með öðru núverandi eldi á Vestfjörðum, eins og segir í álitinu.

Í ljósi framangreindra athugasemda telur Arnarlax að umhverfismat framkvæmdarinnar sé haldið verulegum annmarka sem felur í sér að umhverfismatið sé ekki lögformlegur grundvöllur leyfisveitingar Umhverfisstofnunar.



C. Um lífmassa á sjókvíaldissvæði A í Arnarfirði

Samkvæmt auglýstri tillögu Umhverfisstofnunar er gert ráð fyrir að eitt þriggja eldissvæða Arctic Sea Farm í Arnarfirði, Trostansfjörður, verði staðsett á sjókvíaldissvæði A eins og það er skilgreint í firðinum. Á sjókvíaldissvæði A hefur Arnarlax heimildir fyrir eldi á 13.000 tonna hámarkslífmassa eldisfisks á þremur eldissvæðum, þ.e. Fossfirði, Haganesi og Steinanesi.

Komi til þess að tillaga Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Arctic Sea Farm í Arnarfirði verði gefin út óbreytt getur þannig eldismagn á sjókvíaldissvæði A farið upp í 17.000 tonna heildarlífmassa.

Komi til þess að leyfilegur heildarlífmassi eldisfisks á sjókvíaldissvæði A verði að einhverju leiti takmarkaður af lögbærum yfirvöldum gerir Arnarlax ráð fyrir að sú skerðing eigi sér stað á eldissvæði Arctic Sea Farm í Trostansfirði og nógildandi leyfi Arnarlax í Arnarfirði haldist óbreytt í þessu tilliti.

D. Fullyrðing í álitum Skipulagsstofnunar um samstarf Arctic Sea Farm og Arnarlax.

Á bls. 5 í kafla 5.4. í álitum Skipulagsstofnunar um umhverfismat sjókvíaldis Arctic Sea Farm í Arnarfirði segir “*Fram kemur að framkvæmdaraðili sé þegar í nánú samstarfi við Arnarlax vegna áforma fyrirtækjanna í Arnarfirði.*” Vakin er athygli á því að Arnarlax þekkir ekki til formlegs samstarfs um eldisáform í Arnarfirði milli fyrirtækjanna og telur því umrædda fullyrðingu í álitinu ekki rétta.

Virðingarfyllst
f.h. Arnarlax ehf.



Baldur P Erlingsson